Markaðspunktar í dag:

- 0,3% verðhjöðnun í júlí – bólga framundan

0,3% verðhjöðnun í júlí – bólga framundan

Verðlag lækkaði um 0,3% í júlí og fer því tólf mánaða verðbólga úr 3,3% í 3,8%. Við höfðum spáð 0,4% verðhjöðnun í júlí en aðrir helstu greiningaraðilar höfðu spáð hjöðnun á bilinu 0,2% til 0,3%. Hvað spá okkar varðar munar mest um hversu mikið húsnæðisliðurinn hækkaði en hann hafði 0,2% áhrif til hækkunar á vísitölu neysluverðs (VNV) en við höfðum spáð 0,1% áhrifum til hækkunar. Þá tóku almennar gjaldskrárhækkanir fyrr gildi en við höfðum áætlað. Útsöluáhrifin voru í samræmi við spá okkar eða rúmlega 0,5% til lækkunar.

Bráðabirgðaspá okkar frá því um miðjan júlí fyrir komandi þrjá mánuði er hér um bil óbreytt.Þrátt fyrir að eldsneytisverð hafi farið hækkandi þá hefur gengi krónunnar styrkst um 1% gagnvart evru frá því að spáin var gerð. Áfram gerum við ráð fyrir að húsnæðisliðurinn hækki. Líkt og síðustu ár munu útsöluáhrif júlímánaðar ganga að fullu til baka á næstu tveimur mánuðum og gerum við ráð fyrir að söluaðilar munu horfa á tæplega 4% veikingu krónunnar síðan í maí sem rökstuðning fyrir verðhækkunum. Uppfærð bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu mánuði sýnir að VNV hækkar um 0,45% í ágúst, hækkar um 0,65% í september og hækkar um 0,5% í október. Ef sú spá raungerist mun ársverðbólga mælast 4,6% í október og verður tólf mánaða verðbólga á þriðja ársfjórðungi að meðaltali 4,2% sem er yfir 3,7% spá Seðlabankans fyrir fjórðunginn frá því í maí.

Helstu áhrifaþættir á VNV í júlí
- % áhrif á VNV



Heimild: Hagstofa Íslands

Einna helst um mælingu VNV í júlí:

- **Útsöluáhrif fyrirsjáanleg**. Við höfðum reiknað með að útsöluáhrif á fötum, skóm, húsgögnum og húsbúnaði yrðu samtals um 0,5% til lækkunar og þau reyndust vera 0,57%. Svo virðist vera að söluaðilar hafi ekki látið tæplega 6% veikingu krónunnar gagnvart evru frá því í maí inn í mælingarviku Hagstofunnar hafa mikil áhrif á verðlagningu sem getur aftur þýtt auknar verðhækkanir á næstu mánuðum nema krónan styrkist aftur. *Heildaráhrif á VNV: -0,6%*

- **Eldsneytisverð hækkaði**. Undirliðurinn bensín og olíur hækkaði líkt og við höfðum gert ráð fyrir. Heimsmarkaðsverð á olíu hefur farið hratt hækkandi frá því í lok júní (viku 26) og þá veiktist gengi krónu gagnvart dollar frá því í maí fram í miðjan júlí. Framvirkt verð bendir ekki til að olíuverð fari hratt lækkandi næsta mánuðinn. *Heildaráhrif í júlí: +0,1%*



Heimild: Seðlabanki Íslands og Bloomberg

- **Flugliðurinn lækkar**. Flugliðurinn hafði 0,1% áhrif til lækkunar VNV sem er í samræmi við þróun liðarins í júlí síðustu ár. *Heildaráhrif: -0,1%.*

- **Gjaldskrárhækkanir snemma á ferðinni.** Rafmagn og hiti ásamt símaþjónustu hækkuðu einna mest í verði. Tómstundir tengdar íþróttum hækkuðu einnig. Við gerum ráð fyrir að þessar snemmbúnu hækkanir dragi fremur úr líkum á miklum gjaldskrárhækkunum í haust. *Heildaráhrif í júlí: +0,1%.*

- **Húsnæðisliðurinn rís áfram**. Húsnæðisliðurinn hækkaði mikið í júlí eða um 1,3%, en til samanburðar stóð liðurinn óbreyttur á sama tíma í fyrra. Þá hefur liðurinn hækkað um 4% frá áramótum. Ítarlegri tölur Hagstofunnar sýna að markaðsverð fjölbýlis á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um rúmlega 5% frá áramótum á meðan 4% hækkun hefur verið á einbýli. Tölur frá Þjóðskrá segja sömu sögu. Við reiknum áfram með hækkunum á liðnum, og að hann hafi um 0,05% til 0,1% áhrif til hækkunar á næstu mánuðum. *Heildaráhrif í júlí: +0,2%.*

Bráðabirgðaspá fyrir næstu þrjá mánuði

Þrátt fyrir að gengi krónunnar gagnvart evru hafi styrkst um 1% á síðastliðnum dögum stendur enn eftir um 5% veiking frá því í maí. Þegar söluaðilar meta hversu mikið þeir geta treyst yfirlýsingu peningastefnunefndar frá 15. maí sl. horfa þeir til þessarar veikingar og taka mið af henni við verðlagningu á vörum sínum og þjónustu á næstkomandi mánuðum. Þá höfðu aðilar væntingar um frekari styrkingu krónunnar í sumar vegna innflæðis svokallaðs ferðamannagjaldeyris. Lágt gengi krónunnar í júlí og ágúst í fyrra veldur því að ársverðbólga helst tiltölulega há á næstu mánuðum. Þá gerum við ráð fyrir að söluaðilar munu áfram bíða með að lækka álagningu sína þar til línur skýrast frekar í fyrirhugaðri kjarabaráttu í haust. Gangi spá okkar eftir verður árstaktur verðbólgunnar kominn í 4,6% í október.

Bráðabirgðaspá okkar miðað við óbreytt eldsneytisverð og óbreytt gengi krónunnar frá og með deginum í dag. Þá er gert ráð fyrir að húsnæðisliðurinn hafi 0,05% til 0,1% áhrif til hækkunar.

- **Ágúst +0,45%.** Útsöluáhrif ganga að hluta til baka. Verðhækkanir umfram útsöluáhrif vegna veikingar krónunnar frá því í maí.
- **September +0,65%.** Útsöluáhrifin ganga að fullu til baka. Almennar gjaldskrárhækkanir og aðrar árstíðarbundnar hækkanir.
- **Október +0,55%.** Árstíðarbundnar hækkanir.



Heimild: Hagstofa Íslands og greiningardeild

Rökstuðningur fyrir hærra verðbólguálagi

Við lokun markaða í gær stóð verðbólguálagið í 4,3%, reiknað út frá RIKS 21 0414 (RS21), og RIKB 19 0226 (RB19) og RIKB 25 0612, sem er í takti við spá okkar fyrir næstu þrjá mánuði. Frá því í lok maí hefur álagið hækkað um 30 punkta, aðallega þar sem raunkrafa RS21 hefur lækkað um 25 punkta og stendur nú í 1,74%. Að okkar mati er um og yfir 4% ársverðbólga framundan í kjölfar þess að útsöluáhrif ganga til baka, og ef verðbólguspá okkar raungerist má sjá að samtals áfallnar verðbætur miðað við dagvísitölu í dag til desember verða um 1,5%. Miðað við spána er nafnávöxtun á ársgrundvelli mikið undir 6% ekki eins álitleg og að vera langur í verðtryggðum bréfum.





Heimild: Nasdaq OMX Iceland, Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Brynjar Ólafsson	brynjar.olafsson@arionbanki.is	444-6262
Elvar Ingi Möller	elvar.moller@arionbanki.is	444-6981
Erna Sverrisdóttir	erna.sverrisdottir@arionbanki.is	444-6991
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar Markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt og ekki skal líta á efnið sem ráðgjöf um kaup, sölu eða aðra ráðstöfun fjármálagerninga sem umfjöllunin kann að varða, beint eða óbeint. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum Markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt. Einnig skal bent á að árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is